

Stefna Hornafjarðar í atvinnumálum

Framtíðarsýn til ársins 2007
og leiðir til árangurs



Sveitarfélagið Hornafjörður
Próunarstofa Austurlands
Iðntæknistofnun

Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	4
ÁVARP BÆJARSTJÓRA.....	5
SVEITARFÉLAGIÐ HORNAFJÖRÐUR.....	6
STEFNUMÓTUNARVERKEFNIÐ.....	8
<i>Málaflokkar</i>	9
<i>Lykiltölur</i>	9
<i>Þátttakendur</i>	9
<i>Kynningarfundur</i>	10
<i>Vinnan við stefnumótunina</i>	10
AÐFERÐIR STEFNUMÓTUNAR.....	11
<i>Lýsing á framvindu</i>	11
<i>Framkvæmd verkefna og endurskoðun</i>	12
HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....	13
Sjávarútvegur.....	13
Landbúnaður.....	13
Þekkingargreinar og iðnaður.....	13
Ferðaþjónusta og verslun.....	14
FRAMTÍÐARSÝN TIL ÁRSINS 2007.....	15
SJÁVARÚTVEGUR.....	16
<i>Markmið - vinnsla</i>	16
Leiðir – verkefni.....	16
<i>Markmið – útgerð</i>	16
Leiðir – verkefni.....	17
<i>Markmið – fiskeldi og tengsl við aðrar greinar</i>	17
Leiðir - verkefni.....	17
Lykiltölur.....	17
LANDBÚNAÐUR.....	18
<i>Markmið</i>	18
Leiðir - verkefni.....	18
Lykiltölur.....	20
ÞEKkingARGREINAR OG IÐNAÐUR.....	21
<i>Markmið</i>	21
Leiðir - verkefni.....	21
Lykiltölur.....	22
FERÐAÞJÓNUSTA OG VERSLUN.....	23
<i>Markmið</i>	23
Leiðir - verkefni.....	23
Lykiltölur - verslun.....	25
Lykiltölur - ferðaþjónusta.....	26
ALMENNT UM ATVINNUMÁL.....	27
Lykiltölur.....	27
ÁHERSLUR Í UMHVERFISMÁLUM.....	28
ÁHERSLUR Í SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU.....	29
EFTIRFYLGNI.....	30

<i>Starfshópur um eftirfylgni stefnu sveitarfélagsins</i>	30
<i>Þróunarstjóri</i>	30
VIÐAUKI 1.....	31
<i>Byggða- og atvinnuþróun í Sveitarfélaginu Hornafjörður</i>	31
VIÐAUKI 2.....	35
<i>Stoðstofnanir og fjármögnunaraðilar</i>	35
<i>Fjármagn til atvinnuþróunar</i>	36
<i>Norrænir sjóðir</i>	37
VIÐAUKI 3.....	38
<i>Verkefniseyðublað</i>	38
<i>Endurmat og eftirfylgni</i>	39

Inngangur

Stefnan sem hér er kynnt er unnin fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð. Hér er um að ræða stefnu í atvinnumálum í sveitarfélaginu og nær hún til ársins 2007.

Þegar unnið er að stefnumörkun sveitarfélags er leitast við að meta núverandi stöðu þess, en út frá henni er mótuð heilsteypst stefna og fundnar leiðir til ná framtíðar-markmiðum í þeim málaflokkum sem stefnan nær til. Hér eru það sjávarútvegur, landbúnaður, þekkingargreinar og iðnaður og verslun og ferðaþjónusta.

Framsetning þessarar skýrslu og stefnumörkunar er í stuttu máli sú að á eftir ávarpi bæjarstjóra Hornafjarðar, er fjallað um helstu staðhætti, atvinnumál og þjónustu sveitarfélagsins. Þá er farið yfir forsendur, stjórnun og verklag stefnumótunar-verkefnisins. Í kaflanum "Helstu niðurstöður" eru dregin fram helstu viðfangsefni sem stefnan kveður á um. Þar á eftir birtist hin eiginlega stefna, markmið og leiðir í þeim málaflokkum sem unnið var með. Leiðirnar sjálfar eru nokkurs konar leiðarvísar eða verkefni sem ætlast er til að höfð verði að leiðarsljósi við framkvæmd stefnunnar. Hafa verður í huga að stefna sveitarfélags er síbreytileg og verður að laga sig að aðstæðum hverju sinni.

Þótt hér sé lögð fram stefna í atvinnumálum, þá er mikilvægt að horft sé til annarra málaflokka, s.s. umhverfismála og almennrar samfélagsþjónustu, þegar leitast er við að framfylgja málum þessarar stefnu. Þannig er t.d. brýnt að horft verði til markmiða verkefnisins Staðardagskrá 21, sem sveitarfélagið er þátttakandi í og þeirrar framkvæmdaáætlunar sem mótuð hefur verið í sveitarfélaginu í umhverfismálum, þegar unnið verður að framgangi þeirra verkefna sem stefna í atvinnumálum kveður á um. Hið sama á við um samfélagsþjónustuna í víðum skilningi. Það er í raun grundvallaratriði að hún sé í sem besta lagi og metnaðarfull þegar um búsetu og uppbyggingu atvinnulífsins í sveitarfélaginu er að ræða. Þannig má segja að erfitt verði að ná þeim markmiðum framtíðarsýnarinna um að atvinnulífið skuli byggjast á framsækni og nýsköpun nema samfélagið sé í stakk búið til að veita þá þjónustu sem nútíminn krefst, t.d. á sviði menntunar, og að stefnan sé skýr í þeim málum. Á blaðsíðum 28 og 29 er stuttlega komið inn á áherslur í samfélagsþjónustu og umhverfismálum.

Loks er fjallað um eftirfylgni stefnunnar. Eigi stefna þessi ekki að enda á botni einhverrar skúffunnar er mikilvægt að skipulega og af festu sé unnið að framgangi hennar. Reynt er að tryggja skilvirka eftirfylgni verkefna stefnunnar með því að tiltaka aðila með hverju þeirra sem jafnframt er ætlast til að hafi forgöngu um framkvæmd þeirra. Ekki er hægt að skikka hér neinn til verka en treyst er hins vegar á góðan samstarfsvilja. Einnig er gert ráð fyrir sérstökum starfshópi um eftirfylgni stefnunnar og er gerð grein fyrir honum á blaðsíðu 30. Aftast eru nokkrir viðaukakaflar, m.a. um byggða- og atvinnuþróun á Hornafirði og stoðstofnanir og fjármögnunaraðila.

Iðntæknistofnun Íslands ásamt Þróunarstofu Austurlands stýrðu vinnu við mótnun stefnunnar. Íbúar sveitarfélagsins gegndu þar hins vegar lykilhlutverki en alls tóku um sextíu þeirra, í fjórum hópum, þátt í verkefninu. Tilgangurinn með þátttöku íbúanna var að virkja sem flesta við mótnun stefnunnar þar sem hugmyndir, umbætur og þekking þeirra á staðháttum reynist mikilvæg.

Ávarp bæjarstjóra

ORÐ ERU TIL ALLS FYRST

Ágæti lesandi.

Öflugt og fjölbreytt atvinnulíf er forsenda þess að samfélög séu eftirsóknarverð til búsetu. Til að atvinnulífið dafni er nauðsynlegt, í hverju héraði og á hverjum stað, að halda uppi umræðum um fjölbreytt og aukin atvinnutækifæri og mæta breyttum kröfum um þjónustu og alla aðstöðu. Ýmsar blikur hafa verið á lofti varðandi atvinnumálin og áhyggjur fólks hafa óhjákvæmilega beinst að þeim. Af þessum ástæðum báðum ákvað bæjarstjórn Hornafjarðar að kalla saman breiðan hóp íbúa til að móta stefnu í atvinnumálum fyrir allt héraðið. Eins og fram kemur í þessari skýrslu hefur á undanförunum árum verið unnið markvisst að stefnumótun í ýmsum málaflokkum en nú þótti tímabært að einbeita sér að atvinnumálunum sem brenna hvað heitast á fólki. Þegar unnið er að framkvæmd stefnumarkmiða sveitarfélagsins er mikilvægt að samræma áherslur í mismunandi málaflokkum t.a.m. heilbrigðismálum, staðardagskrá, skólamálum, starfsmannamálum o.s.frv.

Umræður og skýrslugerð leysa ekki málin en hafa skal í huga hið fornkveðna að orð eru til alls fyrst. Þessi sannindi eru undirstaða þeirra vinnubragða sem beitt var við stefnumótunarvinnuna. Fjölmargir einstaklingar settust niður, ræddu málin og komu sér saman um að móta og setja fram ákveðna framtíðarsýn. Afraksturinn er einhvers konar óskalisti eða leiðarvísir sem lýsir metnaði og jafnframt bjartsýni þátttakenda um að hér geti áfram þróast gott og gjöfult mannlíf með sterkum undirstöðum í fjölbreyttu og öflugum atvinnulífi. Við gerum okkur öll grein fyrir að sumir draumar okkar eru fjarlægir og rætast ekki en eftir sem áður er mikilvægt að setja sér háleit markmið og hvetja íbúana til frumkvæðis og athafna.

Öll framkvæmdaatriði í skýrslunni gera ráð fyrir að ákveðnir aðilar hafi forgöngu um framkvæmd þeirra. Auk þess er gert ráð fyrir sérstökum starfshópi sem hefur það hlutverk að fylgja stefnunni eftir.

Í skýrslunni koma fram upplýsingar varðandi vinnuferlið og nöfn þeirra sem komu við sögu. Öllum þessum aðilum flyt ég þakki fyrir þeirra framlag svo og þeim fyrirtækjum og stofnunum sem gáfu eftir vinnutíma starfsmanna til að þeir ættu auðveldara með að koma að málinu. Að öllum ólöstuðum vil ég færa Óðni Gunnari Óðinssyni og Karli Friðrikssyni sérstakar þakki fyrir þeirra framlag.

Ég vona að þessi stefna í atvinnulífi vísir okkur eitthvað fram á veginn og verði sveitarfélaginu og íbúum hvatning til áframhaldandi góðra verka til eflingar sveitarfélaginu.

Albert Eymundsson, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjörður

Sveitarfélagið Hornafjörður

Sveitarfélagið Hornafjörður nær yfir alla Austur-Skaftafellssýslu. Það varð til í júní 1998 við sameiningu Borgarhafnarhrepps, Hofshrepps, Bæjarhrepps og Hornafjarðarbæjar, en Hornafjarðarbær varð til 1994 við sameiningu Hafnar, Nesjahrepps og Mýrahrepps. 1. desember árið 2000 voru íbúar sveitarfélagsins 2.370 og skiptust þannig eftir búsetu: Í dreifbýli sveitarfélagsins bjuggu 509 íbúar, í Nesjahverfi 92 og á Höfn 1.769 íbúar. Eins og sjá má á mynd 1 bjó sveitarfélagið við stöðuga fólksfjölgun frá árinu 1971 og fram til 1997, ef undan eru skilin árin 1985, 1987 og 1996. Frá árinu 1997 til 2001 hefur íbúunum hins vegar fækkað um samtals 136.

Atvinnulíf innan sveitarfélagsins helgast í meginatriðum af stórum dreifbýlum svæðum annars vegar og þéttbýlinu Höfn hins vegar. Áherslur hafa í gegnum tíðina verið ólíkar milli byggðarlaganna sem nú mynda sveitarfélagið – hefðbundinn landbúnaður var þannig aðalatvinnuvegur til sveita, en sjávarútvegur á Höfn. Þessi mynd hefur verið að breytast á síðustu áratugum. Þannig hefur vægi þjónustu farið ört vaxandi í byggðarlögunum öllum. Á Höfn hefur margvísleg þjónusta orðið til og mikill vöxtur verið í starfsemi innan opinbera geirans en til sveita er það einkum ferðaþjónusta sem hefur tekið við þegar áhersla hefur minnkað á aðrar greinar. Á það einkum við um landbúnað sem var lengst af fast að því jafn umfangsmikill og fiskvinnsla og þannig í öðru sæti hvað varðar fjölda ársverka árið 1985. Í dag eru fiskvinnsla, fiskveiðar, verslun og þjónusta með fleiri ársverk en landbúnaður. Vægi frumvinnslugreina (þ.e. landbúnaðar og sjávarútvegs) er þó áfram mjög mikið, var 40% árið 1997 en 49% árið 1985.

Atvinnuþátttaka er að öllu jöfnu mikil á svæðinu og síst minni en annars staðar á landinu. Það hve stór hluti starfa er innan frumvinnslugreinanna leiðir þótt til þess að nokkuð ber á árstíðabundnu atvinnuleysi auk þess sem ýmislegt bendir til að skortur á atvinnu til sveita komi ekki til skráningar og að þar sé um að ræða dulið atvinnuleysi. Á móti kemur að fólk úr sveitum sækir atvinnu í töluverðum mæli til þéttbýlisins.

Á Höfn er stunduð öflug útgerð og fiskvinnsla og ýmis iðnaður. Þar er verslunar- og þjónustukjarni sveitarfélagsins, miðstöð heilbrigðisþjónustu, félagslegrar þjónustu og skólamála.

Við Heilbrigðisstofnun Suðausturlands á Höfn er starfrækt öflug heilsugæsla, dvalarheimili og hjúkrunarheimili, ásamt bráða- og fæðingarþjónustu.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar hefur aðsetur á Höfn og hefur fjölþættu hlutverki að gegna. Stofnunin starfrækir m.a. listasafn, náttúrugripasafn, bókasafn, skjalasafn og byggðasafn.

Allir grunnskólar sveitarfélagsins eru einsetnir. Skólar eru nú í Hofgarði í Örafum, Hrollaugsstöðum í Suðursveit, Nesjahverfi og á Höfn. Tónskóli Austur-Skaftafellssýslu er starfræktur á Höfn, leikskólar eru á Höfn og í Nesjahverfi og leikskólavistun í Suðursveit og Örafum. Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu hefur aðsetur í Nesjaskóla en flyst í nýtt húsnæði á Höfn árið 2002.

Í Lóni, Nesjum, á Mýrum, í Suðursveit og Örafum er stundaður hefðbundinn landbúnaður sem hefur líkt og í öðrum sveitum átt undir högg að sækja undanfarin misseri. Nýjar búgreinar, svo sem loðdýrarækt og fiskeldi, hafa fest sig í sessi þó heldur hafi dregið úr umfangi þessara greina undanfarið, sérstaklega loðdýrarækt.

Nýir vaxtarbroddar í atvinnulífinu hafa síðustu ár einkum verið á sviði ferðaþjónustu og upplýsingatækni. Á Höfn eru starfrækt hótél og gistiheimili, veitingahús, ferðaþjónustufyrirtæki og upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn. Mikill uppgangur hefur verið í þjónustu við ferðamenn í sveitunum. Er nú víða boðin gisting og hótél eru starfrækt í Nesjum og Örafum.

Útivist og iðkun íþróttar gegnir æ stærra samfélagslegu hlutverki og nýtur sífellt meiri vinsælda. Íþróttasvæði í sveitarfélaginu eru skeiðvöllur við Fornustekka, golfvöllur á Silfurnesi og íþróttavellir við Mánagarð og á Sindravöllum á Höfn. Á Höfn eru sundlaug og íþróttahús. Í Nesjahverfi er leikfimiús sem nýtist til skólstarfs. Íþróttavellir eru við Holt á Mýrum, Hrollaugsstaði í Suðursveit og Hofgarð í Örafum. Í Svínafelli í Örafum er sundlaug.

Stefnumótunarverkefnið

Aðdraganda þess starfs, sem leitt hefur til stefnumótunar í atvinnumálum sveitarfélagsins, má rekja til umræðu sem átti sér stað í bæjarstjórn Hornafjarðar haustið 1999 um nýja skipan kjördæma í landinu. Bæjarstjórnin samþykkti að taka ekki afstöðu til þess hvort sveitarfélagið ætti að tilheyra Norðausturkjördæmi eða Suðurkjördæmi en efna til skoðanakönnunar um viðhorf íbúanna.

Í tillögu um málið sem oddvitar framboðanna þriggja stóðu sameiginlega að var lögð áhersla á að mikilvægara væri að styrkja innviði samfélagsins hér heldur en að láta mörk kjördæma hafa áhrif á mannlífið. Þá segir í tillögunni, sem samþykkt var í bæjarstjórn:

Í þessari umræðu hefur komið skýrt fram að þrátt fyrir að Austur-Skaftafellssýsla sem nú er sameinuð í eitt sveitarfélag, Sveitarfélagið Hornafjörð, hafi verið eitt fárra vaxtarsvæða í landinu undanfarin ár hafi svæðið ekki fengið að njóta eðlilegrar uppbyggingar af hálfu hins opinbera. Nægir þar að nefna að það er ekki fyrr en nú, eftir áralanga baráttu að krafan um eðlilega uppbyggingu framhaldsnáms í héraðinu er að bera árangur.

Í ljósi þeirrar málefnalegu umræðu sem fram hefur farið um það að styrkja stöðu Sveitarfélagsins Hornafjarðar í breyttri kjördæmaskipan og í ljósi aðstæðna á landsbyggðinni ákveður bæjarstjórnin að vinna sameiginlega að átaki er miði að því að efla héraðið. Átakið taki meðal annars til eftirfarandi þátta:

- *Unnin verði stefnumótun fyrir sveitarfélagið þar sem dregin verða fram megin einkenni þess og tækifæri til eflingar atvinnu og fjölbreyttara mannlífs. Sérstök áhersla verði lögð á að marka sérstöðu byggðarlagsins.*
- *Íbúar sveitarfélagsins verði hvattir til þess að taka fullan þátt í þeirri stefnumótun og helga sig þannig hinu sameiginlega markmiði; að byggja upp öflugra samfélag óháð kjördæmamörkum í landinu.*
- *Skorað verði á ríkisstjórn og Alþingi að standa við fyrirheit sem meðal annars hafa verið gefin í tengslum við breytta kjördæmaskipan og þingsályktun um byggðamál, að efla landsbyggðina og taka fullt tillit til vaxandi staða eins og Hornafjarðar við uppbyggingu opinberrar þjónustu.*
- *Óskað verði eftir fundi með helstu talsmönnum ríkisstjórnarinnar og Alþingis um þessar áherslur og megin framtíðarmálefni byggðarlagsins.*

Forystumenn framboðanna þriggja fengu það hlutverk ásamt bæjarstjóra að hrinda þessu átaki í framkvæmd og leita samstarfsaðila eða ráðgjafa. Upphaflega var rætt um að móta heildarstefnu í málefnum byggðarlagsins en í umræðu í bæjarstjórn um málið kom fram vilji til þess að láta atvinnumál hafa forgang í þessari vinnu. Kom þar tvennt til. Annars vegar það að búið var að vinna stefnumótun í fjölmörgum málaflokkum sveitarfélagsins á undanförunum árum svo sem heilbrigðis- og öldrunarmálum, skólumálum, umhverfismálum, ferðamálum, menningarmálum o.fl. þáttum. Og nú á árinu 2001 stendur meðal annars yfir mótun stefnu í æskulýðs- og tómstundamálum og jafnréttismálum. Á hinn bóginn voru ýmsar blikur á lofti í atvinnumálum á vordögum 2001 sem studdu menn í trúnni á að mikilvægast væri að beina athyglinni að þeim málaflokki.

Á fundi bæjarráðs Hornafjarðar, þann 11. september 2001, voru kynnt drög að framkvæmd stefnumótunarvinnu í atvinnumálum í sveitarfélaginu sem ráðið

samþykkti síðan á sama fundi. Á fundi sama ráðs, þann 18. september, voru eftirtaldir skipaðir í verkefnisstjórn um stefnumótun í atvinnumálum: Sigurlaug Gissurardóttir, Egill Jón Kristjánsson, Gísli Sverrir Árnason formaður, Aðalsteinn Ingólfsson, Ragnar Jónsson og Ásmundur Gíslason. Ragnar baðst hins vegar undan setu í verkefnisstjórninni. Ákveðið var að leita eftir samstarfi við Þróunarstofu Austurlands um framkvæmdina og var Óðinn Gunnar Óðinsson, starfsmaður Þróunarstofunnar, skipaður verkefnisstjóri fyrir verkefnið. Vegna góðrar reynslu starfsmanna Iðntæknistofnunar af sambærilegum verkefnum var ákveðið að leita til hennar með ráðgjöf og stjórnun verkefnahópa. Að þessu verki kom Karl Friðriksson, framkvæmdastjóri stofnunarinnar. Þessi hópur mótaði og skipulagði stefnumótunarverkefnið.

Málaflokkar

Bæjaryfirvöld í samvinnu við verkefnisstjórn komst að þeirri niðurstöðu að skipaðir yrðu fjórir vinnuhópar sem fjölluðu um eftirfarandi málaflokka:

- Ferðabjónusta og verslun
- Landbúnaður
- Sjávarútvegur
- Upplýsingatækni og iðnaður

Lykiltölur

Í lok umfjöllunar um hvern málaflokk eru s.k. lykiltölur. Þessar "tölur" eru ætlaðar til að hjálpa við að mæla og fylgjast með þróun breytinga hinna ýmsu mála í sveitarfélaginu, m.a. það hvernig miðar í átt að þeirri sjálfbæru þróun sem sveitarfélagið stefnir að með þátttöku í verkefninu Staðardagskrá 21. Lykiltölurnar geta þannig reynst ágætis árangursstjórnunartæki.

Þátttakendur

Auglýst var eftir þátttakendum í verkefnahópa en einnig var haft samband við einstaklinga í sveitarfélaginu og óskað eftir þátttöku þeirra. Lögð var áhersla á að þeir mynduðu sem breiðastan hóp m.t.t. starfa, aldurs og búsetu í sveitarfélaginu. Alls tóku um 60 íbúar sveitarfélagsins þátt í mótun stefnu sveitarfélagsins. Þessir einstaklingar tóku þátt í vinnu verkefnahópanna. Fleiri voru í upphafi skráðir í þessa hópa en gátu af ýmsum ástæðum ekki tekið þátt í starfi þeirra.

Landbúnaður

Stefanía Nindel
Gunnar Þorsteinsson
Kjartan Hreinsson
Rannveig Einarsdóttir
Laufey Guðmundsdóttir
Anna Lilja Ragnarsdóttir
Vilborg Jónsdóttir
Fjölínir Torfason
Sigurlaug Gissurardóttir
Örn Bergsson

Sjávarútvegur

Björn Traustason
Sívar Árni Scheving
Elvar Unnsteinsson
Sif Axelsdóttir
Vigfúsína Pálsdóttir
Soffía Árnadóttir
Páll Björnsson
Ingvar Ágústsson
Guðjón Þorbjörnsson
Hermann Hansson
Egill Jónasson
Dávíð Sveinsson
Emil Skúlason
Þorsteinn Guðmundsson
Kristrún Ósk Pálsdóttir
Aðalsteinn Ingólfsson
Arnór Fjölmisson

Ferðapjónusta, verslun

Ásmundur Gíslason
Jóna Ingólfssdóttir
Óðinn Eymundsson
Inga Jónsdóttir
Björk Pálsdóttir
Hafdis Gunnarsdóttir
Ástríður Sveinbjörnsdóttir
Sigrún Sigurgeirsdóttir
Sigrún Kapítóla Guðrúnardóttir
Heimir Þór Gíslason
Guðjón Jónsson
Ásta H. Guðmundsdóttir
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir
Inga Jóna Halldórsdóttir
Haukur Sveinbjörnsson
Ingibjörg Ólafsdóttir
Þórunn Óskarsdóttir

Upplýsingatækni, iðnaður

Stefán Ólafsson
Stefán Brandur Jónsson
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Geir Þorsteinsson
Sigurður Mar Halldórsson
Gísli Örn Reynisson
Elín S. Harðardóttir
Pálmi Guðmundsson
Páll Kristjánsson
Egill Jón Kristjánsson
Ólafur Karl Karlsson
Heiðar Sigurðsson
Ari Jónsson
Ólafur Vignisson

Kynningarfundur

Þann 17. október var haldinn kynningarfundur um stefnumótunarverkefnið, á Hótel Höfn, með þátttakendum í verkefnahópum og fleirum. Dagskrá þessa fundar var eftirfarandi:

- Fundarsetning – Albert Eymundsson, bæjarstjóri
- Erindi – Gísli Sverrir Árnason, formaður stýrihóps og forseti bæjarstjórnar
- Sjávarútvegur í framtíð – Björgólfur Jóhannesson, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar
- Ferðapjónustan – Pétur Snæbjörnsson, hótellstjóri Hótel Reynihlíð
- Að móta stefnu – Karl Friðriksson, framkvæmdastjóri Iðntæknistofnunar
- Stefnumótun Hornafjarðar – Óðinn Gunnar, starfsmaður Þróunarstofu Austurlands
- Umræður og fyrirspurnir – Fundarstjóri, Hermann Hansson, bæjarfulltrúi og starfsmaður Bókhaldsstofunnar

Vinnan við stefnumótunina


Fyrsti vinnufundur verkefnahópanna var haldinn daginn eftir kynningarfundinn, eða fimmtudaginn 18. október en síðast komu hóparnir saman 9. nóvember. Þá tók við úrvinnsla verkefnisstjórnanna. Að úrvinnslu kom stjórn verkefnisins einnig með virkum hætti. Um miðjan desember 2001, á allra síðustu stigum úrvinnslunnar, var öllum þátttakendum upphaflegra vinnuhópa send stefnufrögin og þeim gefið tækifæri til athugasemda og ábendinga. Atvinnumálanefnd, bæjarráð og bæjarstjórn sveitarfélagsins tóku stefnumótunardrögin einnig til yfirferðar á lokastigum vinnslu hennar. Bæjarstjórn samþykkti stefnuna á fundi sínum þann

Aðferðir stefnumótunar

Í verkefni stefnumótunar er reynt að draga fram sérstöðu og áherslur sem sveitarfélagið býr yfir ásamt því að móta samræmda stefnu sem samstaða er um. Þess vegna myndar sú umræða og þau sjónarmið sem hópvinna verkefnisins leiðir í ljós þungamiðju stefnunnar. Stefnumótun snýst um að móta framtíðarsýn. Með henni er vörðuð sú leið sem yfirvöld sveitarfélags, stjórnendur fyrirtækja og stofnana og almenningur getur farið eftir. Í þeirri stefnu sem hér er lögð fram birtist mikill fjöldi verkefna sem lagt er til að hrundið verði í framkvæmd eða skoðað verði með framkvæmdir á. Til þess að árangur verði af þeim markmiðum og leiðum, eða verkefnum, sem fram koma í framtíðarsýninni eru ákveðnir aðilar ætíð látnir hafa forgöngu um framkvæmd verkefnanna sem mörkuð eru með stefnumótuninni.

Lýsing á framvindu

Stuðst var við eftirfarandi stefnumótunarferli:



Á grunni þessa ferlis ræddi hver hópur eftirfarandi atriði á fimm fundum samkvæmt skipulagi verkefnisins. Dagskrá fundanna var eftirfarandi:

1. fundur - Farið af stað - kynningarfundur

Fundur með öllum þátttakendum
Verkefnið kynnt
Verklagsreglur kynntar

2. fundur - Núverandi staða

Lagt mat á núverandi stöðu hinna ýmsu málaflokka

3. fundur - Innri og ytri greining

Hugmyndafræði SVÓT¹-greiningar kynnt
Niðurstöður greiningar settar í forgangsörð

4. fundur - Framtíðarsýn

Mótuð framtíðarsýn fyrir einstaka málaflokka

5. fundur - Tillögugerð

Samdar tillögur um hvernig hægt er að koma framtíðarsýn í framkvæmd

¹ SVÓT stendur fyrir styrkleikar, veikleikar, ógnanir, tækifæri.

Að loknum fundum vinnuhópanna fóru verkefnisstjóri og ráðgjafar yfir gögn hópanna, drógu fram helstu niðurstöður og samræmdu þær í samvinnu við verkefnisstjórn.

Framkvæmd verkefna og endurskoðun

Lykilatriði við framkvæmd nýrrar stefnu er innleiðing og stjórnun þeirra verkefna sem tilgreind eru í stefnumótuninni. Til að umbætur nái fram að ganga þarf að vera sátt um markmið og leiðir framkvæmdaratriðanna meðal hagsmunaaðila og áhrifavalda, hverjir svo sem þeir eru. Með því að kalla til um sex tugi manna, sem telja verður að myndi góðan þverskurð íbúanna úr öllu sveitarfélaginu, er vonast til að um þá stefnu sem hér er sett fram geti orðið góð sátt. Stjórnsýsla sveitarfélagsins og þjónustustofnanir þess þurfa að vinna með öðrum opinberum aðilum og einkaaðilum að framgangi ýmissa þeirra viðfangsefna sem skilgreind eru í framtíðarsýninni. Þótt bæjaryfirvöld leiki stórt hlutverk í framkvæmd stefnumótunar fyrir sveitarfélag þá er ekki síður gert ráð fyrir því að einkaaðilar komi að flestum verkefnum og hafi frumkvæði að þeim. Vonast er til að almenningur svo og fyrirtæki og stofnanir tileinki sér þá sýn sem kemur fram í stefnu sveitarfélagsins og hjálpist að við að hrinda henni í framkvæmd.

Helstu niðurstöður

Þeir lykilkættir sem efling atvinnulífs á Hornafirði hvíla á og jafnframt þeir þættir sem þessi stefna í atvinnumálum gengur út frá, byggjast á nýsköpun, þekkingu og faglegu starfsumhverfi og um leið menningu svæðisins og náttúrulegum auðævum þess sem nýtt eru á sjálfbæran og fjölbreytilegan hátt. En þegar unnið er að eflingu atvinnulífs er einnig mikilvægt að aðrir þættir samfélagsins séu í góðu lagi. Þess vegna er nauðsynlegt að lögð sé áhersla á að til staðar sé framúrskarandi samfélagsþjónusta, í viðum skilningi, sem grundvallast á metnaðarfullu starfi svo og markviss umhverfisstefna. Með skýrri framtíðarsýn, aukinni samvinnun aðgerða á öllum sviðum samfélagsins og samstilltu átaki, er lagður góður grunnur fyrir enn betra mannlífi í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Leiðir þær sem tilgreindar eru á næstu blaðsíðum ber að líta á sem verkefni sem Hornfirðingar sjálfir geta haft frumkvæði að hrinda í framkvæmd, enda er helsta leiðin til eflingar atvinnulífs á Hornafirði að heimamenn stýri því starfi og grundvalli sína uppbyggingarvinnu á samstarfi yfirvalda sveitarfélagsins, fyrirtækja og einstaklinga.

Sjávarútvegur

Sjávarútvegur gegnir gríðarlega mikilvægu hlutverki á Hornafirði, enda tengjast rúm 30% ársverka í sveitarfélaginu beint þeirri grein. Markmið sjávarútvegsins taka mið af því að fiskurinn er takmörkuð auðlind og að styrkur framtíðarinnar liggur í nýsköpun og aukinni verðmætasköpun. Þess vegna er lögð áhersla á fullvinnslu sjávarfangs í þeim greinum sem nú þegar hafa skapað Hornafirði sérstöðu svo og að svæðið nýti sér þróun og tækifæri á sviði fiskeldis og þekkingaryfirfærslu sem sambýlið við aðrar atvinnugreinar bjóða uppá. Þá er það mikilvægt að útgerðin fái að njóta í ríkara mæli, en á sjálfbæran hátt, þeirra fiskimiða sem eru kjölfesta atvinnugreinarinnar. Lykilorðin eru þannig aukin fullvinnsla á grunni þróunarvinnu og markaðsstarfs, fiskeldi og þekkingaryfirfærsla og sjálfbær nýting fiskimiða.

Landbúnaður

Ársverkum hefur fækkað hlutfallslega mest í landbúnaði undanfarin ár enda eru íbúar í dreifbýli sveitarfélagsins um 150 færri nú en fyrir tuttugu árum. Engu að síður er landbúnaður víða rekinn með kraftmiklum hætti. Augljósasta breytingin á atvinnulífi í dreifbýli undanfarna áratugi felst þó í aukinni áherslu á aðrar greinar, annað hvort til hliðar við hefðbundinn búskap eða með sjálfstæðum hætti. Markmið landbúnaðarins, til framtíðar litið, er að hann eflist áfram í tengslum við aðrar atvinnugreinar og með frekari vinnslu afurða. En einnig og ekki síður á grundvelli aukinnar þekkingar, fjölbreyttrar landnýtingar og fagþjónustu. Verkefni stefnunnar eru því margbreytileg en bera þess flest merki að þau verður að vinna innan frá, þ.e. að tilstuðlan íbúanna sjálfra og á grundvelli þess félagsstarfs og þeirrar fagþjónustu sem næst þeim standa.

Þekkingargreinar og iðnaður

Í stefnu þessari eru s.k. þekkingargreinar skilgreindar sem greinar er t.d. tengjast upplýsingatækninni. Einnig þær er verða til við yfirfærslu þekkingar á milli greina eins og þegar reynsla og þekking á einu sviðinu (t.d. sjávarútvegi) er færð með nýrri þekkingu, rannsóknum og tækni yfir á annað svið (t.d. hugbúnað). Rétt er að

líta á rannsóknarstarfsemi ýmis konar sem hluta af skilgreiningu á þekkingargreinum. Annars ber hér að líta á þekkingarhugtakið í viðum skilningi þannig að um sé að ræða hvers konar starfsemi sem á sér rætur í sérþekkingu af einhverju tagi og möguleiki er að nýta til framþróunar í atvinnulífi. Á þetta svið atvinnulífsins er nauðsynlegt að líta með framsýni og metnað í huga. Tilkoma Nýheima er mikilvægt framlag til þróunar þess. Árið 1997 taldist um 16% ársverka í sveitarfélaginu til iðnaðar- og byggingargreina. Hér er um margvíslega starfsemi að ræða sem er sveitarfélagi eins og Hornafirði afar mikilvæg. Markmið þessarar stefnu er að efla iðnaðinn og nýjar þekkingargreinar með því að taka mið af sérstöðu og auðlindum svæðisins, byggja á aukinni tækni og rannsóknum og með því að samtengja ólíkar greinar atvinnulífsins.

Ferðaþjónusta og verslun

Mikil uppbygging hefur orðið á sviði ferðaþjónustu síðustu ár og það góða er að hún hefur átt sér stað víða í sveitarfélaginu. Verslun hefur hins vegar fyrst og fremst byggst upp á Höfn. Möguleikar ferðaþjónustunnar hafa löngum verið taldir miklir fyrir sveitarfélagið, ekki síst vegna rómaðrar náttúru, nálægðar við jökul og þjóðgarð og menningar sem svæðið býr yfir. Markmiðið er því að nýta auðuga náttúru og menningu svæðisins til að byggja áfram upp ferðaþjónustu sem grundvallast á faglegri starfsemi og leggur áherslu á tengsl við jökul, þjóðgarð, söfn og aðrar greinar. Aukið samstarf og frumkvæði aðila í þessari grein er ekki síður mikilvægt. Góð verslun er einn af grunnþáttum hvers svæðis og því er mikilvægt að bæði á sviði dagvöru- og sérvöruverslunar verði verslunin fjölbreytt og samkeppnishæf og þjóni bæði íbúum og ferðafólki í samræmi við kröfur nútímasamfélags.

Framtíðarsýn til ársins 2007

- Til staðar verði öflugt og framsækið atvinnulíf sem byggist á nýsköpun á grundvelli þekkingar og faglegs starfsumhverfis, samstöðu ólíkra hagsmunaaðila, menningu svæðisins og náttúrulegum auðævum sem nýtt eru á sjálfbæran² og fjölbreytilegan hátt.
- Sveitarfélagið verði þekkt fyrir framúrskarandi samfélagsþjónustu, þar sem lögð er áhersla á metnaðarfullt starf í öllum stofnunum þess, markvissa umhverfisstefnu og framkvæmd hennar.
- Bæjarstjórn, fyrirtæki og stofnanir taki höndum saman um að móta fjölskylduvænt samfélag með sveigjanlegum vinnutíma, öflugri þjónustu og fjölbættri afþreyingu og stuðli þannig að því að fólk setjist í auknu mæli að í sveitarfélaginu.

² Sjá skilgreiningu á sjálfbærri þróun í kaflanum "Helstu áherslur í umhverfismálum".

Sjávarútvegur

Markmið - vinnsla

Markmiðið er að lögð verði áhersla á fullvinnslu sjávarfangs í þeim greinum sem nú þegar hafa skapað Hornafirði sérstöðu, á grundvelli aukinnar þekkingar, þróunarvinnu og markaðsstarfs.

Leiðir – verkefni

- Gert verði átak til að auka markaðs- og vöruþróunarþekkingu starfandi fyrirtækja og frumkvöðla, í samvinnu við Fræðslunet Austurlands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Iðntæknistofnun Íslands, Útflutningsráð og vinnslu- og útgerðarfyrirtæki og verkalýðsfélög á staðnum. Atvinnuálanefnd Hornafjarðar hafi frumkvæði að þessu.
- Gert verði átak við öflun þekkingar á nýjum mörkuðum til frekari fullvinnslu þar sem eftirfarandi greinar eru skoðaðar sérstaklega: fullvinnsla á síld, fullvinnsla á saltfiski og aukið markaðsvirði á humri. Átakið verði samstarfsverkefni framleiðslufyrirtækja, Útflutningsráðs og eða Viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Fagråd Nýheima hafi frumkvæði að þessu.
- Fagråd Nýheima skapi vettvang og aðstæður til nýsköpunar sem miðast við að auka sérvinnslu á síld í samstarfi við ný og starfandi fyrirtæki.
- Mótað verði þróunarverkefni sem miði að því að nýta þau tækifæri sem til staðar eru til frekari fullvinnslu á saltfiski og skapi bolfiskvinnslunni markaðslega sérstöðu. Verkefnið verði unnið af framleiðendum, fagaðilum eins og Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, Útflutningsráði og eða Viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og erlendum samstarfsfyrirtækjum. Frumkvæði við mótun verkefnisins hafi Þróunarstofa Austurlands.
- Aflað verði þekkingar á fullvinnslu á sjófrystum fiski í landi fyrir neytendamarkað. Framleiðslufyrirtæki í samstarfi við fagaðila eins og Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins vinni að þessu.
- Mótað verði verkefni sem miði að því að kanna markaðslegar forsendur á frekari vinnslu s.s. á hausum, gellum, lundum, sundmaga, hrognum, sviljum og lifur. Fagråd Nýheima vinni að þessu.
- Hvatt er til að framleiðendur geri forathugun á möguleikum á framleiðslu á gæludýrafóðri í samvinnu við innlenda og erlenda aðila.

Markmið – útgerð

Markmiðið er að Hornafjörður fái að njóta í ríkara mæli, en á sjálfbæran hátt, þeirra fiskimiða sem eru kjölfesta atvinnugreinarinnar.

Leiðir – verkefni

- Stofnað verði til samstarfsvettvangs sjávarútvegs sem hefur það markmið að auka þekkingu og skoðanaskipti um fagleg mál atvinnugreinarinnar. Frumkvæði að stofnun slíks vettvangs hafi Þróunarstofa Austurlands sem kallar til útgerðaraðila, fiskverkendur, sjómenn og verkalýðsfélag.
- Hvatt er til að sjávarútvegsfyrirtæki í samstarfi við verkalýðsfélag og sveitarfélag beiti sér fyrir auknum veiðheimildum til veiða og vinnslu.
- Hafnaryfirvöld skoði reglubundið þarfir og þróun útgerðarinnar til að geta skapað henni fyrirmyndaraðstöðu varðandi þjónustu við stærri sem smærri skip.
- Hafnaryfirvöld verði opin fyrir verkefnum er leitt geta til nýsköpunarverkefna sem gera starfsemi hafna hagkvæmari.

Markmið – fiskeldi og tengsl við aðrar greinar

Markmiðið er að Hornafjörður nýti sér þróun og tækifæri á sviði fiskeldis og þekkingaryfirfærslu sem sambýli við aðrar atvinnugreinar bjóða upp á.

Leiðir - verkefni

- Atvinnumálanefnd Hornafjarðar í samstarfi við útgerðarfyrirtæki og Búnaðarsamband Austur-Skaftafellinga og aðra fagaðila móti verkefni er miðar að því að kanna möguleika sveitarfélagsins á hvers kyns eldi.
- Útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki auki samstarf sitt og samvinnu við fagaðila á sviði rannsókna t.d. í tengslum við starfsemi Nýherjabúða, þekkingariðnaðinn s.s. hugbúnaðarfyrirtæki og fyrirtæki á sviði ferðaþjónustu.
- Fagráð Nýheima beiti sér fyrir þróun sprotafyrirtækja sem þjóna sjávarútvegi og þróa markaðshæfar lausnir í samstarfi við hann.
- Mótað verði rannsóknarverkefni um lífríki hafsins fyrir Suðausturlandi, með hliðsjón af nýtingu þess, í samvinnu við nærliggjandi sveitarfélög og í tengslum við starfsemi Hafrannsóknarstofnunar, Háskóla Íslands og sjávarútvegsfyrirtæki og útgerðaraðila á Hornafirði. Fagráð Nýheima hafi frumkvæði að þessu.

Lykiltölur

- Hlutfall kvóta svæðisins sem unninn er á staðnum.
- Hlutfall og notkun einstakra orkugjafa í sjávarútvegi.
- Hlutfall vinnslu sjávarafila á Hornafirði á móti heildarafila.
- Framleitt magn fiskeldisafurða í sveitarfélaginu.

Landbúnaður

Markmið

Að landbúnaður eflist í tengslum við aðrar atvinnugreinar og frekari vinnsla afurða og á grundvelli aukinnar þekkingar, fjölbreyttrar landnýtingar og fagþjónustu.

Leiðir - verkefni

- Búnaðarsamband Austur-Skaftfellinga standi fyrir öflugri fræðslu og ráðgjöf um kosti og galla mismunandi félagsforms búrekstrar, þannig að bændur geti tekið afstöðu til breytts rekstrarfyrirkomulags sinna fyrirtækja.
- Farið verði í stefnumótun um áherslur í ráðgjafarþjónustu bænda hjá Búnaðarsambandi Austur-Skaftfellinga þar sem þjónusta verði forgangsraðað m.t.t. þarfa atvinnugreinarinnar um leið og skoðuð verði samvinna við nærliggjandi búnaðarsambönd. Búnaðarsamband Austur-Skaftfellinga hafi forgöngu um þetta.
- Skoðað verði samstarf ráðgjafarþjónustu Búnaðarsambands Austur-Skaftfellinga við aðra stoðþjónustu landbúnaðarins s.s. skógrækt, landgræðslu, dýralækni, ferðaþjónustu og í tengslum við þjónustu þróunarstofu Austurlands, með það að markmiði að auka skilvirkni og samþættingu hinnar mismunandi þjónustu. Frumkvæði að þessu verkefni hafi þróunarstofa Austurlands.
- Stofnað verði til verkefnis þar sem skoðuð verði tekjuöflun smærri býla í sambýli við aðrar atvinnugreinar s.s. ferðaþjónustu, frekari vinnsla matvæla og fjölbreyttrar landnýtingar, í samvinnu við Bændasamtök Íslands og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, m.t.t. eflingar og hagkvæmni fyrirtækjanna. Búnaðarsamband Austur-Skaftfellinga í samstarfi við Fagråd Nýheima hafi frumkvæði að þessu.
- Kortlagðir verði landnýtingarmöguleikar hverrar jarðar sveitarfélagsins þar sem m.a. er tekið tilliti til beitarnýtingar, kosta til ferðaþjónustu, skógræktar og veiði í ám og vötnum, með það að markmiði að auka hagkvæmni og grundvöll búsetu á jörðunum. Verkefnið verði samstarfsverkefni Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Búnaðarsambands Austur-Skaftfellinga, Skógræktar og Landgræðslu ríkisins og Ferðamálafélags Austur Skaftfellinga, undir forystu ráðunauts Búnaðarsambands Austur-Skaftfellinga.
- Stofnað verði formlegt félag sem beiti sér fyrir samþættingu búrekstrar, markmiða um náttúruvernd og menningu, þar sem saman fara sjónarmið um þjóðgarð og þarfir íbúa svæðisins. Frumkvæði að stofnun félagsins hafi Búnaðarsamband Austur-Skaftfellinga og bæjaryfirvöld.
- Bæjaryfirvöld geri könnun á möguleikum á ræktun sanda, í samvinnu við Umhverfissráðuneytið og Landgræðsluna, sem hafi það markmið að koma til móts við stefnu ríkisins um losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda.

- Kannaður verði grundvöllur að uppsetningu sýningar um búnaðar- og samgöngusögu Austur-Skaftfellinga með áherslu á fyrirhleðslur og landgræðslu. Skoðað verði sérstaklega með staðsetningu að Holti á Mýrum í þessu samhengi. Menningarmiðstöð Hornafjarðar í samstarfi við Búnaðarsamband Austur-Skaftfellinga og Landgræðslu Íslands komi að þessu.
- Hvatt er til frekari skógræktar í sveitarfélaginu undir forystu starfsmanns Suðurlandsskóga.
- Stofnað verði áhugamannafélag um ræktun áa og vatna og nýtingu þeirra. Ráðunautur Búnaðarsambands Austur-Skaftfellinga undirbúi stofnun félagsins í samstarfi við landeigendur og áhugafólk um veiði og í tengslum við Veiðimálastofnun.
- Gert verði átak til að efla rekstrarþekkingu bænda og aðra fagþekkingu í samvinnu við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Bændaskólann á Hólum, undir forystu Búnaðarsambands Austur-Skaftfellinga og Fræðslunets Austurlands.
- Stjórn sláturfélagsins í samvinnu við dýralækni og ráðgjafa Búnaðarsambands Austur-Skaftfellinga auglýsi eftir áhugasömum bændum til þátttöku í tilraunaverkefni um framhaldsvinnslu á afurðum heima fyrir sem nýst gæti til sérstöðu í ferðaþjónustu.
- Búnaðarsamband Austur-Skaftfellinga í samvinnu við Nautgriparæktarfélag Austur Skaftfellinga og ráðgjafarþjónustu Bændasamtaka Íslands beiti sér fyrir umræðu meðal kúabænda á Hornafirði um frekari hagræðingu til eflingar mjólkurframleiðslu á svæðinu, m.t.t. viðmiðana við þau bú sem standa best á landsvísu.
- Gerð verði úttekt á frekari möguleikum grænmetisræktunar, með hliðsjón af þeim árangri sem náðst hefur í kartöflurækt, og gerð tillaga um leiðir til eflingar greinarinnar m.t.t. til heimamarkaðar og á landsvísu. Búnaðarsamband Austur-Skaftfellinga í samvinnu við grænmetisframleiðendur og í samstarfi við Garðyrkjuskóla ríkisins komi á viðkomandi úttekt með stuðningi Framleiðnisjóðs.
- Sveitarfélagið hafi frumkvæði að kortlagningu möguleika á starfrækslu heimarafstöðva í sveitarfélaginu í samvinnu við Félag raforkubænda á Austurlandi og valinna kostunaraðila.
- Búnaðarsamband Austur-Skaftfellinga í samvinnu við sveitarfélagið stofni til átaks um bættu ásýnd jarða þannig að þær verði til fyrirmyndar og auki hróður sveitarfélagsins.
- Hestamannafélagið Hornfirðingur í samstarfi við Hagsmunafélag hrossabænda standi fyrir umbótum og umræðu um eflingu hrossaræktar sem atvinnugreinar á grundvelli sérstöðu hornfirskra hrossa og ræktunar á þeim. Frumkvæði að þessu hafi Hestamannafélagið Hornfirðingur.
- Leitað verði leiða til að efla félagsstarf bænda í sveitarfélaginu, í tengslum við þjónustu og fagaðila greinanna. Formenn núverandi félaga landbúnaðarins í

sveitarfélaginu komi að þessu að frumkvæði Búnaðarsambands Austur-Skaftfellinga.

- Gerð verði úttekt á möguleikum hefðbundinna hlunninda og nýtingu þeirra til að styrkja hefðbundinn landbúnað og ferðaþjónustu. Búnaðarsamband Austur-Skaftfellinga hafi forgöngu um þetta t.d. í samvinnu við Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu og í tengslum við Nýsköpunarsjóð námsmanna.

Lykiltölur

- Þróun framleiðslukvóta í landbúnaði.
- Magn framleidds kjöts í sveitarfélaginu.
- Magn ræktaðs grænmetis í sveitarfélaginu.
- Magn unninna landbúnaðarafurða í sveitarfélaginu.
- Hlutfall sauðfjárræktar sem er gæðastýrð og/eða vistvænt vottuð.
- Hlutfall skóga af landi.
- Hlutfall lands sem Landgræðslan telur að sé í góðu ástandi.
- Fjöldi bænda í Suðurlandsskógaverkefninu.
- Magn rafmagns sem bændur framleiða í litlum virkjunum.
- Magn skógarafurða sem framleitt er í sveitarfélaginu.
- Hlutfall landbúnaðarlands sem nýtt er undir lífræna ræktun.

Þekkingargreinar og iðnaður

Markmið

Að byggja upp og efla iðnað og þekkingargreinar á grundvelli tækni og rannsókna sem taki mið af sérstöðu svæðisins og auðlindum þess, í samstarfi við hefðbundnar greinar atvinnulífsins og stofnanir sveitarfélagsins.

Leiðir - verkefni

- Skapaður verði vettvangur fyrirtækja og frumkvöðla um þróunarverkefni á sviði hugbúnaðarlausna þar sem hafðar eru til hliðsjónar sérþarfir staðbundinna fyrirtækja, stofnana og þjónustuaðila. Vettvangurinn verður þverfaglegt félag hagsmunaaðila og áhugafólks. Fagráð Nýheima hafi forgöngu um stofnun félagsins.
- Mótun verði stefna hjá Nýheimum um á hvern hátt hægt sé að hvetja og stuðla að frumkvæði ungs fólks á sviði upplýsingatækni- og hugbúnaðargerðar. Samstarfsaðilar Nýheima komi að þessu verkefni undir forystu framhaldsskólans.
- Sveitarfélagið veiti árlega tvenns konar viðurkenningar. Annars vegar til þeirra aðila (einstaklinga og fyrirtækja) sem unnið hafa saman nýsköpunarverkefni á sviði þekkingar og hugbúnaðar (t.d. þekkingaryfirfærsla) og hins vegar vöruþróunar- og markaðsviðurkenningu til fyrirtækja sem hafa náð langt á viðkomandi sviði.
- Átak verði gert með tilkomu Nýheima í framboði á námskeiðum. Leggja skal áherslu á markaðs- og þróunarmál annars vegar og svo hins vegar forritun og hugbúnaðargerð. Fjarnám verði stór þáttur í kennsluátakinu. Samstarfsverkefni fagráðs Nýheima, Þróunarstofu Austurlands, vettvangs fyrirtækja og frumkvöðla um hugbúnaðarlausnir undir forystu Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu. Framkvæmdaraðili verði Fræðslunet Austurlands.
- Í tengslum við Jöklaasetur eða aðra sjálfstæða stofnun verði unnið að rannsóknum á sviði loftslags- og jarðvísinda í Nýheimum með áherslu á jöklarannsóknir, jarðsögu og veðurfar. Undirbúningur verði að frumkvæði sveitarfélagsins í samvinnu við Fagráð Nýheima og í samstarfi við Háskólasetrið.
- Komið verði á verkefni tengdu erfðarannsóknum. Unnið verði að því að ná víðtækri samstöðu um verkefnið meðal þeirra sem hafa hagsmuna að gæta á landsvísu. Framkvæði að undirbúningi hafi sveitarfélagið og Þróunarstofa Austurlands.
- Komið verði á hugmyndasmiðju milli iðnfyrirtækja, frumkvöðla og aðila úr sjávarútveginum um þróun sérlausna fyrir sjávarútveginn. Framkvæði að verkefninu verði í höndum Þróunarstofu Austurlands.

- Gerð verði úttekt og hagkvæmnisathugun á möguleikum orkuframleiðslu innan sveitarfélagsins sem byggir á vindorku og sjávarföllum. Frumkvæði að verkefninu hafi sveitarfélagið í samstarfi við Háskóla Íslands, Orkustofnun, Veðurstofuna og Landsvirkjun.
- Skapaður verði umræðuvettvangur þjónustu og iðnfyrirtækja og verktaka í sveitafélaginu í tengslum við starfsemi þessara fyrirtækja vegna fyrirhugaðrar stóriðju á Reyðarfirði. Atvinnumálanefnd Hornafjarðar hafi frumkvæði að þessu í samstarfi við Samband sveitarfélaga á Austurlandi og STAR.
- Mótað verði markaðs og þróunarverkefni fyrir tvö til þrjú iðnfyrirtæki þar sem tekið er á tæknivæðingu og vöruþróunar- og markaðsmálum samtímis. Verkefnið verði mótað sem samstarfsverkefni Iðntæknistofnunar Íslands, Útflutningsráðs og Samtaka Iðnaðarins undir forystu Þróunarstofu Austurlands. Verkefnið verði unnið með stuðningi þessara aðila og stofnana heima fyrir.

Lykiltölur

- Hlutfall fyrirtækja sem hafa gert umhverfisrýni³.
- Hlutfall fyrirtækja sem stunda grænt bókhald.
- Hlutfall fyrirtækja sem stunda "hreinni framleiðslutækni" eða önnur sambærileg umhverfisverkefni.

³ Grunnrannsókn á umhverfisaðstæðum og áhrifum á umhverfið af iðnstarfsemi á tilteknu athafnasvæði.

Ferðapjónusta og verslun

Markmið

Að nýta auðuga náttúru og menningu svæðisins til að byggja áfram upp ferðapjónustu sem grundvallast á faglegri starfsemi, og leggur áherslu á tengsl við jökul, þjóðgarð, söfn og hefðbundnar atvinnugreinar, þannig að ferðapjónusta verði öflug undirstöðugrein atvinnulífsins. Verslun í sveitarfélaginu, bæði á sviði dagvöru- og sérvöruverslunar, verði fjölbreytt og samkeppnishæf og þjóni bæði íbúum og ferðafólki í samræmi við kröfur nútímasamfélags.

Leiðir - verkefni

- Stofnaður verði samstarfsvettvangur sveitarfélags, ferðapjónustu og annarra atvinnugreina sem vinni að markaðs- og kynningarstarfi fyrir allt sveitarfélagið. Vettvangurinn hefur það markmið að markaðssetja og kynna þá þjónustu sem í boði er í sveitarfélaginu ásamt að móta þróunarverkefni þar sem m.a. er stuðlað að eflingu ferðapjónustunnar, lengingu ferðatímans, samþættingu ferðapjónustu og annarra greina, atvinnulífi sveitarfélagsins öllu til framdráttar. Forystu um verkefnið hafi sveitarfélagið í samstarfi við Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu. Í upphafi verði gerð viðskiptaáætlun þar sem áhersla er lögð á örugga tekjuöflun vettvangsins til langs tíma.
- Gerð verði árlega annars vegar áætlun um þjónustu og áform á sviði markaðs- og kynningarmála og hins vegar áætlun um sameiginleg þróunarverkefni í ferðapjónustu og verslun. Á grundvelli þessara áætlana verði gefnar út kynningarmöppur um þjónustu og afþreyingu sem liggja skulu frammi á helstu ferðapjónustustöðum. Verkefnið verði viðbót við núverandi kynningar- og útgáfustarf, en verði unnið af fyrirhuguðum vettvangi markaðs- og kynningarmála.
- Gerð verði viðhorfskönnun meðal ferðamanna um þá þjónustu sem veitt er innan sveitarfélagsins og tækifæri tengd ferðapjónustu. Verkefnið verði unnið sem árlegt nemendaverkefni nemenda Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu í samstarfi við Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu.
- Fræðslunet Austurlands leggi drög að því að auka framboð sitt á fræðslu fyrir annars vegar ferðapjónustuna og hins vega verslunina þar sem lögð er áhersla á þekkingaruppbyggingu stjórnenda fyrirtækja og þjálfun starfsmanna þeirra, sérstaklega á sviði markaðsstarfs og viðskiptaþjónustu.
- Lagt er til að notast sé við hugmyndina um "perlufesti", til að samtengja megin náttúru-, menningar- og þjónustubætti sveitarfélagsins þannig að hún myndi ákveðna kjarna (perlur) og skapi samfellu og heilsteypta þjónustu gagnvart þeim ferðamönnum sem á svæðið koma. Þetta má gera með sameiginlegu kynningarefni, uppbyggingu almenningsgangna, með afslætti á aðgangseyri, með leiðsögn um svæðið og á hverjum stað, með myndrænni framsetningu á vefsíðu. Þátttakendur í verkefninu verði aðilar sem veita forstöðu þeim stöðum sem mynda megin "perlurnar" í "festinni", s.s. Jökulsárlón, Þjóðgarðurinn Skaftafell, Ingólfshöfðaferðir, eigendur Lónsöræfa, þjónustuaðilar á Höfn. Frumkvæði að þessu hafi starfsmaður vettvangs á sviði

markaðs- og kynningarmála sveitarfélagsins, ásamt með Menningarmiðstöð Hornafjarðar.

- Sveitarfélagið í samstarfi við Vegagerðina og Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu leggi fram þriggja ára áætlun um heildar úrbætur á aðstöðu ferðamannastaða er náð til umbóta á vegum, uppsetningu upplýsinga- og fræðsluskilta, frárennismála einstakra staða og aðgang að vatni.
- Þróað verði "samstarfskort", sbr. gestakort sem nú þegar er til staðar meðal safna, um afslætti ólíkra þátta ferðaþjónustunnar og verslunar, sem hafi það markmið að hvetja ferðafólk til að nýta sér enn frekar þá þjónustu sem í boði er. Frumkvæði að þessu hafi Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu og Menningarmiðstöð Hornafjarðar í samstarfi við verslunina í sveitarfélaginu.
- Menningarmiðstöð Hornafjarðar stuðli enn frekar að nýjungum í safnastarfi sem þjóni jafnt heimamönnum sem ferðafólki, s.s. með lifandi fræðslu, uppákomum, aðlögun á opnunartíma að þörfum gesta og kynningu safnanna útá við.
- Unnið verði að því að koma upp listasafni Svavars Guðnasonar undir eitt þak þar sem verkum hans verði gerð skil á metnaðarfullan hátt. Undirbúningur verði í höndum Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar í samstarfi við Listasafn Íslands.
- Haldin verði árleg samkeppni um minjagripagerð er tengist einkennum svæðisins. Frumkvæði að þessu hafi Menningarmiðstöð Hornafjarðar í samstarfi við Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu.
- Gerð verði áætlun um áframhaldandi uppbyggingu og merkingu gönguleiða og gerð reiðvega til þriggja ára. Samhliða þessu verði útbúið gönguleiða- og reiðvegakort fyrir sveitarfélagið. Sveitarfélagið hafi forgöngu um þetta í samráði við Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Hestamannafélagið Hornfirðingur og Búnaðarsamband Austur-Skaftfellinga.
- Lagt er til að Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu, með stuðningi sveitarfélagsins, komi af stað umræðum við aðrar atvinnugreinar, s.s. sjávarútveg og landbúnað, um samstarf þessara aðila um atvinnu- og menningartengda ferðaþjónustu.
- Lögð verði áhersla á metnaðarfulla uppbyggingu Humarhátíðar sem hafi m.a. það markmið að auka orðspor sveitarfélagsins sem helstu uppsprettu humarveiða á landinu.
- Komið verði á verkefni um fuglaskoðun sem tækifæri í ferðaþjónustu. Lagt er til að ferðaaðilar vinni verkefnið undir forystu Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu og í samstarfi við Félag fuglaáhugamanna.
- Sveitarfélagið í samvinnu við Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu og Menningarmiðstöð Hornafjarðar leggi á ráðin um á hvern hátt hægt er að þjóna sérfræðingum og áhugafólki á sviði jarðfræði, jöklarannsókna og rithöfundum, s.s. með fræðimannaíbúð eða afnotum af gistiheimilum utan háannatíma.

- Lögð verði áhersla á metnaðarfulla framkvæmd og uppbyggingu Jöklaþseturs sem fræðaseturs og sem hluta af menningartengdri ferðaþjónustu.
- Hvatt er til að veitinga- og gístaðilar þrói og bjóði upp á sérstaka rétti þar sem áhersla verði lögð á hráefni sem einkenni matvælaframleiðendur svæðisins. Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu veiti árlega viðurkenningu fyrir bestu hugmyndina.
- Lagt er til að stuðlað verði að því að komið verði upp stofnun Þórbergs að Hala. Ábúendur að Hala í samstarfi við Menningarmiðstöð Hornafjarðar hafi frumkvæði að þessu.
- Lagt er til að ferðaþjónustuaðilar komi sér saman um að bjóða samþætta þjónustu (pakka) þar sem boðið verði upp á gistingu, veitingar, afþreyingu eins og hestaferðir, náttúruferðir, bátsferðir, rafting, kajaksiglinar og ferðir tengdar atvinnulífi og menningu staðarins. Frumkvæði að þessu hafi Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu með stuðningi sveitarfélagsins og í tengslum við ferðaskrifstofu.
- Menningarmiðstöð Hornafjarðar í samvinnu við hafnarnefnd og sveitarfélagið, hafi forgöngu um að skipuleggja hluta hafnarsvæðisins sem aðlaðandi afþreyingar- og menningarsvæði, með áherslu á þjónustu við ferðamenn.
- Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu hafi forgöngu um verkefni er miðar að því að byggja upp og markaðssetja ferðaþjónustu að vetrarlagi.
- Hvatt er til að verslunaraðilar stofni með sér hagsmunafélag sem fjalli um framtíðarskipan verslunar á Hornafirði og beiti sér fyrir nýsköpun og framfarumálum greinarinnar.
- Verslunareigendur í samstarfi við sveitarfélagið hugi að frekari eflingu á miðbæjarsvæði.
- Verslunarrekendur eru hvattir til að leggja áherslu á vörur frá svæðinu enda séu þær samkeppnishæfar m.t.t. gæða og verðs.
- Verslunarrekendur hafi það markmið að skapa aðlaðandi umhverfi gagnvart sínum viðskiptavinum.
- Verslunarrekendur hugi að aukinni þjónustu við fyrirtæki í dreifbýli sveitarfélagsins, s.s. með pöntunarþjónustu.

Lykiltölur - verslun

- Fjöldi verslana sem selur vörur af svæðinu.
- Vísitala verðlags í verslunum í sveitarfélaginu.
- Fjöldi starfa í verslun.
- Velta verslunar í sveitarfélaginu.
- Fjöldi lífrænt ræktaðra tegunda matvæla sem verslanir bjóða upp á.
- Hlutfall verslana sem bjóða á áberandi hátt upp á umhverfismerktar vörur.

- Fjöldi verslana með umhverfisstefnu.

Lykiltölur - ferðaþjónusta

- Fjöldi gistinguátta í sveitarfélaginu.
- Fjöldi lendinga og farþega á Hornafjarðarflugvelli.
- Fjöldi sumarhúsa í skipulögðum sumarhúsabyggðum.
- Lengd hjólréiðastíga og göngustíga í þéttbýli.
- Lengd merktra gönguleiða í dreifbýli.
- Lengd og merking reiðleiða og reiðvega.
- Hlutfall vega með bundnu slitlagi.
- Fjöldi skráðra, merktra og verndaðra náttúruminja sem einstök kunna að vera á svæðinu.

Almennt um atvinnumál

- Kannaður verði grundvöllur "vörumerkis" atvinnulífsins á Hornafirði, sem verði sameiginlegt tákn fyrir alla vöru og þjónustu sem framleidd er í sveitarfélaginu. Atvinnumálanefnd Hornafjarðar hafi forgöngu um að kalla saman fulltrúa atvinnugreina til umfjöllunar um þetta.
- Haldin verði samkeppni meðal skólafólks um hugmyndir að verkefnum er tengja hefðbundnar atvinnugreinar við þekkingar- og upplýsingasamfélagið. Framkvæmd með þessu hafi skólaskrifstofa sveitarfélagsins með stuðningi Útvegsmannafélags Hornafjarðar og Búnaðarsambands Austur-Skaftfellinga.
- Sveitarfélagið móti áhugaverð og spennandi störf í öllu sveitarfélaginu, á vegum vinnuskóla ungs fólks, þar sem bæði reyni á hugvit og líkamlegt atgervi. Við mótun verkefna "skólans" skal tekið mið af umhverfismálum í víðu samhengi og fjölbreyttum einstklingsþörfum starfsmanna/nemenda skólans. Fræðslu- og félagssvið og Umhverfissvið sveitarfélagsins vinni að þessu.
- Fagráð Nýheima móti verklag um rekstur Nýheima þannig að þeir aðilar sem þar starfa vinni að einu samstarfsverkefni sín á milli árlega.
- Gerði verði athugun á þörfum á almenningssamgöngum innan sveitarfélagsins og við önnur sveitarfélög, s.s. á milli Hafnar og Egilsstaða, um leið og þær verði endurskipulagðar. Sveitarfélagið hafi forgöngu um þetta í samstarfi við hagsmunaaðila.
- Sveitarfélagið þrýsti á að þráðlaust símasamband og hraðvirkar símtengingar séu til staðar í öllu sveitarfélaginu.
- Í sveitarfélaginu sé til staðar skipulag sem tekur á málefnum íbúa af erlendum uppruna og sem miðar að því að gera þá að fullgildum samfélagsþegnum og auðveldar þeim að aðlagast íslensku samfélagi. Við gerð þessa skipulags verði þess ávalt gætt að þeirra eigin menning njóti viðurkenningar og virðingar. Leitast verði við að skapa fjölmennningarleg viðhorf í sveitarfélaginu. Fræðslu- og félagssvið hafi frumkvæði að þessu í samstarfi við aðila atvinnulífsins.

Lykiltölur

- "Fæðingar- og dánartíðni" fyrirtækja í sveitarfélaginu.
- Atvinnuþátttaka íbúa sveitarfélagsins.
- Meðaltekjur á íbúa sveitarfélagsins.
- Fjöldi íbúa í sveitarfélaginu.

Áherslur í umhverfismálum

Í Sveitarfélaginu Hornafirði hefur að undanfögnu verið unnið að verkefninu Staðardagskrá 21, en það miðar að því að móta sjálfbæra framtíð fyrir sveitarfélagið. Staðardagskrá 21 er hluti af alþjóðlegri áætlun um sjálfbæra þróun á 21. öldinni sem samþykkt var á Ríó-ráðstefnunni 1992. Tilgangur þeirrar ráðstefnu var að sporna gegn neikvæðri þróun í umhverfismálum. Markmið Sveitarfélagsins Hornafjarðar er að vinna að betra og öflugra byggðarlagi, þar sem tekið er tillit til umhverfismála og sjálfbærrar þróunar. Sjálfbær þróun er þróun sem gerir mönnum kleift að mæta þörfum sínum án þess að spilla möguleikum komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum. Með öðrum orðum að lifa í sátt og samlyndi við náttúruna og auðga lífsgæði fólks án þess að ganga á þær auðlindir og þann höfuðstól sem komandi kynslóðir taka við. Áætlunin snýst ekki einvörðungu um umhverfismál. Grundvallarhugsunin er sú að samþætting umhverfislegra, félagslegra og efnahagslegra sjónarmiða verði lykillinn að verkefnum framtíðarinnar, enda verða umhverfismál ekki slitin úr samhengi við aðra málaflokka.

Í maí árið 2000 gaf sveitarfélagið út tvær skýrslur um Staðardagskrárverkefnið. Annars vegar "Markmiðasetning Staðardagskrá 21 – skýrsla um vinnudag með íbúum" og hins vegar "Staðardagskrá 21 – framkvæmdaáætlun". Framkvæmdaáætlunin var samþykkt í bæjarstjórn Hornafjarðar 21. júní 2001.

Í framtíðarsýn stefnu þessarar í atvinnumálum, blaðsíðu 15, er lögð áhersla á að sveitarfélagið verði þekkt fyrir markvissa umhverfisstefnu og starf á því sviði. Mikilvægt er að horft verði til markmiða verkefnisins Staðardagskrá 21, sem sveitarfélagið er þátttakandi í og þeirrar framkvæmdaáætlunar sem mótuð hefur verið í sveitarfélaginu í umhverfismálum, þegar unnið verður að framgangi þeirra verkefna sem stefna í atvinnumálum kveður á um. Þar þarf að koma til virk eftirfylgni af hendi sveitarfélagsins en ekki síður þarf atvinnulífið að vinna samkvæmt markmiðum Staðardagskrár 21. Þannig er lögð áhersla á að umhverfismál og önnur mál eru samtengd. Það er jafnframt í þeim anda sem skilja ber hugmyndina um sjálfbæra þróun, þ.e. að sveitarfélagið sé sem mest sjálfbært á öllum sviðum.

Áherslur í samfélagsþjónustu

Í framtíðarsýn þessarar stefnu í atvinnumálum, á blaðsíðu 15, kemur fram að lögð er áhersla á að sveitarfélagið verði þekkt fyrir framúrskarandi samfélagsþjónustu, þar sem ítrekuð er áhersla á metnaðarfullt starf í öllum stofnunum þess. Einnig kemur þar fram áhersla á að bæjarstjórn, fyrirtæki og stofnanir taki höndum saman um að móta fjölskylduvænt samfélag með fjölpætttri afþreyingu þannig að ungt fólk setjist í auknu mæli að í sveitarfélaginu. Þessi áhersluatriði eru mikilvæg og í raun grundvallaratriði þegar um búsetu og uppbyggingu atvinnulífsins í sveitarfélaginu er að ræða, en þau kalla líka enn frekar á faglegar og metnaðarfullar áætlanir um þá þjónustu sem sveitarfélagið þarf að búa yfir. Það sama má segja um það atriði framtíðarsýnarinnar um að atvinnulífið skuli byggjast á framsækni og nýsköpun. Slíkum markmiðum verður ekki náð nema umhverfið sé í stakk búið til að veita þá þjónustu sem nútíminn krefst, t.d. á sviði menntunar, og að stefnan sé skýr í þeim málum.

Undanfarin misseri hefur sveitarfélagið lagt áherslu á að móta stefnur í ýmsum málum. Nauðsynlegt er að því starfi sé haldið áfram, því skýr sýn og stefna inn í framtíðina, í sem flestum málaflokkum, er mikilvægt vinnutæki sem styrkir þróun og uppbyggingu samfélagsins. Við framkvæmd stefnu í atvinnumálum er mikilvægt að litið sé til þeirrar stefnumörkunar sem mótuð hefur verið í öðrum málaflokkum, um leið og aðrir gearar samfélagsþjónustunnar taki tillit til þeirrar metnaðarfullu stefnu sem hér er lögð fram. Þannig næst besta samfellan og samræming í þeim aðgerðum sem mikilvægastar eru.

Hér fyrir neðan er listi yfir stefnumarkannir sem unnar hafa verið undanfarin ár og samþykktar af bæjarstjórn:

- Aðalskipulag Hornafjarðar, samþykkt 11. maí 2000
- Skólastefna Hornafjarðar, samþykkt 5. apríl 2001
- Starfsmannastefna sveitarfélagsins, samþykkt 31. maí 2000
- Forvarnarstefna Hornafjarðar, samþykkt 4. mars 1999
- Stefna í menningar- og safnamálum 2000-2010, samþykkt 1. mars 2001
- Jafnréttisáætlun sveitarfélagsins, samþykkt 13. desember 2001

Í vinnslu er mótun stefnu í eftirfarandi málum:

- Stefna í heilbrigðis- og öldrunarmálum er í endurskoðun sem lýkur von bráðar
- Æskulýðs- og íþróttamálum

Þá er rétt að benda á að í desember 1997 var gefin út greinargerð og stefnumótun í ferðaþjónustu Austur-Skaftafellssýslu 1998-2005.

Eftirfylgni

Nauðsynlegt er að tvenns konar eftirfylgni eigi sér stað til að framfylgja framtíðarsýn þessari. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að fylgst sé með hvort og á hvern hátt þeir aðilar sem vísað er til í stefnunni framfylgi þeim verkefnum sem til þeirra er vísað. Hér er um að ræða verk sem þarf að sinna reglubundið og af alúð. Í öðru lagi þarf að staldra við tiltekna áfanga (tíma) og endurmeta markmið. Framvinda verkefna sem ákveðið hefur verið að framkvæma verði sett ný tímamörk og m.t.t. þeirra verði ný verkefni ákveðin til að ná settum markmiðum.

Starfshópur um eftirfylgni stefnu sveitarfélagsins

Til að styðja við framkvæmd stefnu í atvinnumálum Hornafjarðar er lagt til að bæjarstjórn tilnefni einstaklinga í sérstakan starfshóp sem skipaður verði þremur fulltrúum sveitarfélagsins, þar af einum úr atvinnumálanefnd sveitarfélagsins og þremur fulltrúum stofnana og fyrirtækja í sveitarfélaginu. Starfshópurinn hafi eftirfarandi hlutverk:

- Fylgja eftir tillögum sem birtast í skýrslunni "Stefna Hornafjarðar í atvinnumálum" með því að minna framkvæmdaaðila einstakra verkefna á hlutverk þeirra og með því að hafa frumkvæði að vinnu er miðar að reglulegri endurskoðun og þróun stefnunnar.
- Starfshópurinn skal hafa fullt samráð við nefndir og yfirvöld sveitarfélagsins í því starfi sem honum er falið.

Starfsskilgreining og skipan þessa starfshóps verði ákveðin til þriggja ára í senn.

Þróunarstjóri


Bæjarstjórn kanni möguleika á starfi fulltrúa þróunarmála í sveitarfélaginu, n.k. þróunarstjóra, eða feli þetta verkefni starfandi embættismanni til umsjónar með starfshópi um eftirfylgni stefnunnar.

Viðauki 1

Byggða- og atvinnuþróun í Sveitarfélaginu Hornafjörður


Mynd 1.

Mynd 1 sýnir þróun íbúafjölda í núverandi sveitarfélagi frá 1971 til 2000. Árið 1971 voru íbúarnir 1.628 en árið 2000 voru þeir 2.370. Þetta er fjölgun um 31% á tæpum 30 árum. Íbúafjöldgunin er hröð allan áttunda áratuginn, stendur hins vegar í stað fyrrihluta níunda áratugarins en fjölgar svo aftur í lok hans og til ársins 1997. Frá 1997 til ársins 2001 hefur íbúunum fækkað um 136, eða um 5,5%.



Mynd 2.

Mynd 2 sýnir íbúapróunina í dreifbýli sveitarfélagsins, í Nesjakauptún og á Höfn.



Mynd 3.

Myndir 3 og 4 sýna annars vegar hlutfallslega skiptingu ársverka í sveitarfélaginu árið 1997 og hins vegar árið 1985. Eins og sjá má á þessum myndum hafa töluverðar breytingar orðið m.t.t. starfa í atvinnugreinunum. Þær helstar að hlutfall ársverka í landbúnaði af heildar ársverkafjölda hefur minnkað úr því að vera 19% ársverka árið 1985 í það að vera 9% ársverk árið 1997. Hlutfall ársverka í fiskvinnslu af heildar ársverkafjölda hefur einnig minnkað nokkuð eða úr því að vera 21% ársverka árið 1985 í það að vera 17% ársverk árið 1997. Á sama tíma hefur hlutfall ársverka í fiskveiðum hækkað 5%, í þjónustu um 3%, í samgöngum og iðnaði um 2% hvor grein, sem hlutfall af heildar ársverkafjölda.



Mynd 4.



Tafla 1.


Tafla 1 sýnir fjölda ársverka í atvinnugreinum annars vegar árið 1985 og hins vegar árið 1997.

	Landbúnaður	Fiskveiðar	Fiskvinnsla	Iðnaður	Byggingar	Verslun	Samgöngur	Bankar	Þjónusta	Samtals
1985	211	105	227	69	79	148	46	29	202	1116
1997	113	173	220	102	90	173	77	56	260	1264

Tafla 2 og mynd 5.


Á töflu 2 og mynd 5 hafa ársverk í sveitarfélaginu verið greind nákvæmar en gert er á myndum 3 og 4. Hér er annars vegar um að ræða fjölda ársverka í hverri grein og síðan hlutfallslega skiptingu þeirra. Þessi greining kemur sérstaklega að gagni þegar lesið er skiptingu iðngreinanna og starfsemi í þjónustu.

	Ársverk	Hlutfall
Landbúnaður	112,80	8,9%
Fiskveiðar	173,20	13,7%
Fiskvinnsla	220,00	17,4%
Matvælaíðnaður	42,20	3,3%
Vefjariðnaður	9,00	0,7%
Trjavöruiðnaður	6,90	0,5%
Pappírsiðnaður	3,80	0,3%
Efnaiðnaður	0,00	0,0%
Steinefnaiðnaður	0,20	0,0%
Málm og skipasmíði	30,60	2,4%
Ýmis iðnaður	1,60	0,1%
Veitur	7,20	0,6%
Byggingar	68,10	5,4%
Opinberar framkvæmdir	22,30	1,8%
Heildverslun	21,40	1,7%
Smásöluverslun	120,70	9,6%
Veitingar og hótél	31,00	2,5%
Flutningar	60,30	4,8%
Póstur og sími	17,00	1,3%
Peningastofnanir	28,40	2,2%
Tryggingar	4,70	0,4%
Þjónusta við atvinnulíf	22,60	1,8%
Opinber stjórnslá	67,50	5,3%
Opinber þjónusta	157,30	12,4%
Skemmtanir og íþróttir	6,30	0,5%
Persónuleg þjónusta	21,60	1,7%
Ónefnd atvinnugrein	7,00	0,6%
Samtals	1.263,70	100,0%



Mynd 6.

Mynd 6 sýnir frávik meðaltekna í sveitarfélaginu frá landsmeðaltali árið 1997. Á þessu má sjá að tekjur eru lægri í öllum greinum nema þjónustu og meðaltekjur í fiskvinnslu eru sambærileg við meðaltekjur á landsvísu. Mestur er munurinn á tekjum í sveitarfélaginu í verslun og bankastarfsemi, miðað við landsmeðaltekjur í sömu greinum. Sennilega stafa lægri tekjur í fiskveiðum, miðað við landsmeðaltekjur í greininni, af því að á Hornafirði eru ekki frystitogarar, en meðaltekjur í þeim útgerðarflokki eru yfirleitt hærrí enn í öðrum útgerðarflokkum. Samtals voru meðaltekjur í sveitarfélaginu árið 1997 um 6,5% lægri en meðaltekjur í landinu öllu.



(Allar tölulegar upplýsingar sem birtast á myndum og töflum hér að framan eru fengnar úr Byggðabrunni Byggðastofnunar)

Viðauki 2

Stoðstofnanir og fjármögnunaraðilar

Helstu stoðstofnanir atvinnulífsins

Þróunarstofa Austurlands

Þróunarstofa Austurlands starfar á breiðum grunni að framþróun í atvinnulífi og jákvæðri samfélagsuppbyggingu. Megin viðfangsefni þróunarstofunnar er að vinna að eflingu atvinnulífs og samkeppnishæfi byggðarlaga á Austurlandi og stendur félagið í þeim tilgangi fyrir víðtæku þróunarstarfi í landshlutanum. Svið þróunarstofunnar eru þrjú: Byggðasvið, viðskiptasvið og þróunarsvið. Helstu samstarfsaðilar eru einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög á Austurlandi. Auk þess á þróunarstofan mikið samstarf við helstu stoðstofnanir atvinnulífsins í landinu. Vefur þróunarstofu Austurlands er www.austur.is

Iðntæknistofnun

Iðntæknistofnun er þróunar- og ráðgjafarstofnun með alþjóðlegt samstarfsnet. Stofnunin vinnur að tækniþróun og aukinni framleiðni í íslensku atvinnulífi og stuðlar að tækniyfirfærslu með þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Iðntæknistofnun leggur metnað í að vera með bestu þekkingu og færni á þeim sviðum sem starfað er á. Áhersla er lögð á að verkefnaval falli að þörfum íslensks atvinnulífs

Impra - þjónustumiðstöð frumkvöðla og fyrirtækja

Hlutverk Impru er að leiðbeina frumkvöðlum og fyrirtækjum um mat á viðskiptahugmyndum, leiðbeina um stofnun, uppbyggingu og rekstur fyrirtækja og vera hlekkur í samskiptakeðju einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Impra veitir litlum og meðalstórum fyrirtækjum upplýsingar um leiðir til að bæta rekstur þeirra, hvetur þau til nýsköpunar og aðstoðar við "útrás", meðal annars með því að koma á tækni- og þróunarsamstarfi við erlenda viðskiptaaðila.

Útflutningsráð Íslands

Hlutverk ráðsins er að auðvelda íslenskum fyrirtækjum að markaðssetja vörur þeirra og þjónustu erlendis. Til að sinna þessu hlutverki veitir Útflutningsráð íslenskum útflytjendum margháttða þjónustu, þar sem meginverkefni eru ráðgjöf, fræðsla, upplýsingamiðlun og skipulagning vörusýninga og sameiginlegra kynningarverkefna af ýmsum toga.

Byggðastofnun

Byggðastofnun tók til starfa hinn 1. október 1985. Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 64 frá 1. júlí 1985. Hlutverk Byggðastofnunar er að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu. Aðgerðir hennar miða að því að styrkja og efla byggð í landinu, sem fái staðist til lengdar og þar sem rekin er fjölbætt atvinnustarfsemi og þjónusta. Stofnunin gerir stefnumótandi byggðaáætlun fyrir landið allt en þar eru mótaðar megináherslur í byggðamálum. Stofnunin vinnur einnig svæðisbundnar byggðaáætlanir í samráði við heimaaðila.

Fjármagn til atvinnuþróunar

Íslenskir sjóðir

Eignarhaldsfélag Austurlands hf (EHA) er félag sem sérhæfir sig í áhættufjárfestingum með hlutafjárkaupum í nýjum fyrirtækjum eða í starfandi fyrirtækjum sem þurfa aukið fjármagn vegna fjárfestinga. EHA er stofnað á grunni þingsályktunartillögu um stefnu í byggðamálum þar sem ríkisvaldið ákvað að leggja kr. 300 milljónir á ári í þrjú ár til að koma slíkum eignarhaldsfélögum á fót á landsbyggðinni. Austurvegur 20, 730 Fjarðabyggð. Síminn er 474-1501, 863-0901. Netfang jonas@kaupthing.is

Framtakssjóður Austurlands ehf (FTA) sérhæfir sig í áhættufjárfestingum í upplýsinga- og hátækni með áherslu á landsbyggðina. Starfssvæði félagsins er landið allt. FTA er vörsluaðili eins af framtakssjóðum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og mótframlags Fjárfestingafélags Austurlands hf. Samtals ræður félagið yfir kr. 375 milljónum til nýsköpunarfjárfestinga. Austurvegur 20, 730 Fjarðabyggð. Síminn er 474-1501, 863-0901. Netfang jonas@kaupthing.is

Atvinnuleysistryggingasjóður styrkir sérstök verkefni undir eftirliti svæðisvinnumiðlana.

Atvinnumál kvenna veitir styrki til verkefna sem auka fjölbreytni í atvinnulífi og einkum til verkefna sem eru á vegum hópa eða félagasamtaka

Byggðastofnun veitir styrki til margs konar nýjunga í atvinnulífi landsbyggðarinnar og lán vegna fjárfestinga þar. Hlutverk stofnunarinnar er að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu. Skagfirðingabraut 21, 550 Sauðárkrúkur. Sími 455 6200.

Ferðamálaráð Íslands veitir styrki til nýsköpunar og nýjunga sem tengjast umhverfismálum á ferðamannastöðum. -Gimli, Lækjargötu 3, 101 Reykjavík, Sími 552 7488, Fax 562 4749 -Strandgötu 29, 600 Akureyri, Sími 461 2915, Fax 461 2729

Ferðamálasjóður veitir lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði sem og til annarra þátta ferðamála. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að þróun íslenskra ferðamála.

Hverfisgötu 6, 150 Reykjavík, Sími 562 4070, Fax 562 6068

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. veitir íslensku atvinnulífi víðtæka þjónustu við öflun, stýringu og hreyfingu á fjármagni. Bankinn sérhæfir sig í fjármálaþjónustu við fyrirtæki, stofnanir og fagfjárfesta en annast ekki viðskipti við einstaklinga sem ekki eru í atvinnustarfsemi

Framleiðnisjóður landbúnaðarins veitir styrki til nýsköpunar og atvinnueflingar í dreifbýli.

Landsbankinn - Framtak hf. var stofnaður þann 21. janúar 1999 í þeim tilgangi að hasla sér völl á sviði fjármögnunar nýsköpunar og vaxtargreina í íslensku atvinnulífi.

Lánatryggingasjóður kvenna - Meginmarkmið sjóðsins er að styðja konur til nýsköpunar í atvinnulífi með því að veita ábyrgðir á allt að helming lána sem þær taka hjá lánastofnun til að fjármagna tiltekið verkefni.

-Félagsmálaráðuneytinu, Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu, 150 Reykjavík, Sími 560-9100, Fax 552-4804

-Byggðastofnun, Engjateig 3, 125 Reykjavík, Sími 560-5400, Fax 560-5499

Nýsköpunarsjóður - Hlutverk sjóðsins er að vinna að uppbyggingu, vexti og alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingaverkefnum á sviði nýsköpunar og að styrkja forathuganir, þróunarverkefni og kynningarverkefni.

Nýsköpunarsjóður námsmanna úthlutar styrkjum til kennara á háskólastigi, fyrirtækja, rannsóknastofnana eða einstaklinga, sem teljast hafa sérþekkingu á ákveðnu sviði, til þess að ráða stúdenta til sumarstarfa.

Rannsóknarráð Íslands - Hlutverk þess er að treysta stöðir íslenskrar menningar og atvinnulífs með því að stuðla að markvissu vísindastarfi, tækniþróun og nýsköpun.

Þróunarfélag Íslands hf. Tilgangur félagsins er að efla arðsama atvinnustarfsemi og örva íslenskt atvinnulíf. Markmið félagsins er að hámarka arð eigenda og gera hlutabréfin í félaginu áhugaverð fyrir fjárfesta.

Norrænir sjóðir

Lánasjóður Vestur-Norðurlanda veitir lán og styrki til framfaraverkefna hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum og er sérstök áhersla lögð á þróun framleiðslu til útflutnings eða bætta þjónustu og nýsköpun. Hlutverk sjóðsins er að efla fjölbreytt og samkeppnifært atvinnulíf í Færeyjum, á Grænlandi og Íslandi.

Norræna Atlantsnefndin (NORA) veitir styrki til samstarfsverkefna er tengjast þróun atvinnulífs, nýsköpun og rannsóknasamstarfi á Grænlandi, Íslandi, Færeyjum og strand-Noregi.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) tekur þátt í verkefnum með því að leggja fram fjármagn í formi hlutafjár eða lána til fyrirtækja. Megintilgangur félagsins er að stuðla að umhverfisbótum svo sem bættum mengunarvörnum í löndum Mið- og Austur-Evrópu.

Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) veitir lán til fjárfestingarverkefna einkaaðila og opinberra aðila á Norðurlöndum sem og utan þeirra

Norræni iðnaðarsjóðurinn - Hlutverk sjóðsins er að hvetja til norrænnar samvinnu um tækniþróun og nýsköpun í atvinnulífi Norðurlanda og aðstoðar við myndun evrópskra samstarfsverkefna á grundvelli norrænnar samvinnu. Hægt er að fá nánari upplýsingar um Norræna iðnaðarsjóðinn á Íslandi:

Norræni menningarsjóðurinn

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef) veitir fyrirtækjum áhættulán til for- og arðsemisathugana á verkefnum sem til þess eru fallin að efla útflutning frá Norðurlöndum og stuðla að alþjóðavæðingu norrænna fyrirtækja.

Norræni þróunarsjóðurinn (NDF). Hlutverk sjóðsins er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í þróunarríkjum.

Viðauki 3

Verkefniseyðublað

Verkefni											
Markmið											
Verkefnislýsing											
Áhersluatriði											
Hver leiðir verkefnið?											
Samstarfsaðilar											
Umsjónaraðili											
Verkþættir		Hvenær?									Hver?
	júl.	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.	jan.	feb.	mars.	apr.	
Kostnaðaráætlun											

Endurmat og eftirfylgni

Stefnumótun

Stefna:

[Empty box for agenda text]

Texti stefnu kemur fram hér

Leiðir:

-

Aðgerðir sem gripið hefur verið til:

[Empty box for actions]

Hugarflug um aðgerðir og verkefni unnið hefur verið að gagnvart viðkomandi stefnu

Mat á árangri

Leiðir:

Árangur %:

[Empty box for progress assessment]

Tillögur að nýjum leiðum/aðgerðum

[Empty box for suggestions]

Hugum að nýjum leiðum og aðgerðum til að ná því sem við þurfum að ná

Metum árangurinn með því að vera sammála um % tölu.

Formatted